

# Vestfirðir *Akrar framtíðar*



  
Vestfjarðastofa

  
InWest

Í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er gert ráð fyrir ræktun þörunga á þeim svæðum sem skilgreind eru sem almenn nýting en að auki er þörungarækt heimil á svæðum skilgreindum sem staðbundin nýting.

Næringarríkar tegundir þrífast í köldum sjó við strendur Íslands, sem þýðir að íslensk þörungaframleiðsla stendur vel að vígi þegar kemur að vinnslu á verðmætum efnum úr þörungum. Til að auka samkeppnishæfni geta íslenskir aðilar í stórþörungarækt lagt áherslu á verðmætar unnar vörur og leitað aðgreiningar frá fjöldaframleiddum hrávörum framleiddum við strendur, sem er tækifæri fyrir Vestfirði sem er 1/3 af strandlengju Íslands.

Staða og framtíð lagareldis á Íslandi  
Matvælaráðuneytið 2023

## Sóknarfæri í þörungarækt


Einstök skilyrði eru til þörungaræktunar á Vestfjörðum. Skjólgóðir firðir skapa góða náttúrulega umgjörð og aðgengi er að jarðvarma til hráefnisþurrkunar.

**Breiðafjörður, Reykhólar, Strandir, sunnanverðir Vestfirðir og Ísafjarðadjúp** eru svæði sem henta vel til þörungaræktar.

Þörungar eru algeng nytjavara á heimsvísu og eru meðal annars notaðir í matvæli, fóður og lyf. Þörungarækt er talin hafa ýmsa kosti sem til dæmis felast í því að vinna gegn loftslagsbreytingum og ýta undir sjálfbærni, efla sjávarbyggðir og stuðla að bættri heilsu með næringarríkum afurðum.


Staða og framtíð lagareldis á Íslandi  
Boston Consulting Group 2023

## Hagrænt virði þörungaafurða



## Kostir Vestfjarða til þörungaræktar

- Vestfirðir eru 1/3 af strandlengju Íslands
- Skjólgóðir firðir
- Næringarríkur sjór og góð vaxtaskilyrði
- Jarðvarmi til þurrkunar
- Aldalöng hefð fyrir sjálfbærri nýtingu sjávar
- Góðir innviðir í sjávarútvegi og lagareldi
- Hugvit til hönnunar á vinnslubúnaði
- Flutningar á sjó og landi
- Tæknimenntun á framhaldsskólastigi
- Háskólamenntun í haf- og strandveiðastjórnun







### Grænbörungar (Chlorophyta)

Prótein- og trefjaríkir. Fullir af steinefnum og B og C vítámínum. Lífvirk efni eru fjölsýkrur með andoxunarvirkni og fjólómettaðar fitusýrur.



### Rauðbörungar (Rhodophyta)

Próteinríkir, auðugir af A, C og B12 vítámínum, steinefnum og trefjum. Lífvirk efni eru fjölsýkrur með andoxunareiginleikum.




### Brúnbörungar (Phaeophyta)

Steinefnaríkir, C og B vítámín. Innihalda alginöt sem eru prótein ásamt aminosýrum og fjölsýkrum. Lífvirk efni með andoxunarvirkni.

## Af hverju Vestfirðir?

Þær þörungategundir sem eru eftirsóttar til ræktunar finnast á Vestfjörðum



Árið 2021 var heimsmarkaðsvirði þörunga \$20.16 milljarðar. Heimsmarkaðsvirði laxeldis var \$14.87 milljarðar sama ár.

# Hentug svæði fyrir ræktun í sjó

Næringarríkt hafið sem umlykur Vestfirði tryggir góð vaxtaskilyrði til þörungaræktar. Straumar og ölduálag eru hófleg sem skapar stöðugt aðstreymi næringar og tær sjórinna tryggir ljóstillífun.



Hafa samband:

GUÐRÚN ANNA FINNBOGADÓTTIR

Teymisstjóri - Atvinnu- og byggðaðbrún  
gudrunanna@vestfirdir.is  
S: 450-6606

MAGNÚS BJARNASON

Verkefnisstjóri - Atvinnu- og byggðaðbrún  
magnus@vestfirdir.is  
S: 450-6605

Gefið út í september 2024 af Vestfjarðastofu  
Vestfjarðastofa. Suðurgötu 12. 400 Ísafjörður

InWest  
www.inwest.is



Vestfjarðastofa  
www.vestfirdir.is